



ÁRSSKÝRSLA 2010



MÍMIR
símenntun

Ársskýrsla 2010
Ábyrgðarmaður: Hulda Ólafsdóttir
Ritstjóri: Hrafnkell Konráðsson
Hönnun og umbrot: Þorfinnur Sigurgeirsson
Ljósmyndir: Jón Páll Vilhelmsson, Þorfinnur Sigurgeirsson og Steinn Vignir Kristjánsson
Prentun: Oddi hf.

ÁRSSKÝRSLA 2010

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Stjórn og starfsfólk Mímis-símenntunar	2
Ávarp stjórnarformanns.	3
Inngangur framkvæmdastjóra	4
Fjölmening og frístundir	6
Nám fyrir atvinnulífið	10
Náms- og starfsráðgjöf	14
Próunarverkefni	16
Gæðamál.	17
Erlent samstarf	17
Rekstrardeild.	18

STJÓRN OG STARFSFÓLK MÍMIS-SÍMENNTUNAR Í MAÍ 2011



Í stjórn Mímis-símenntunar sitja:

Frá vinstri: Linda Baldursdóttir, Stefán Ó. Guðmundsson, Herdís R. Magnúsdóttir, Ólafur Darri Andrason, Sigurrós Kristinsdóttir, formaður.



Listi starfsmanna í stafrófsröð:

Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Anna Sigríður Aðalbjörnsdóttir, Anney Þ. Þorvaldsdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Elín Júlíana Sveinsdóttir, Erla María Gísladóttir, Erna Björk Gestsdóttir, Guðjón Jónsson, Guðjón Sívertsen, Harpa Hrönn Frankelsdóttir, Hjördís Kristinsdóttir, Hrafnkell Konráðsson, Hulda Ólafsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir, Ingunn Guðmundsdóttir, Irma Matchavariani, Joanna Ewa Dominiczak, Lena Hulda Nilsen, Rósa Steinunn Jónsdóttir, Selma Kristjánsdóttir, Sigríður Dísa Gunnarsdóttir, Sólborg Jónsdóttir, Thang Manh Vu, Vala S. Valdimarsdóttir, Þór S. Ólafsson, Þóra Friðriksdóttir, Þorbjörg Halldórsdóttir, Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir.

FRÁ FORMANNI STJÓRNAR



Sigurrós Kristinsdóttir, formaður stjórnar

- **Sveigjanleiki í framhaldsfræðslu**
- **Samstarf um starfstengt nám**
- **Efla þarf menntunarstig þjóðarinnar**

Rannsóknir og samanburður við önnur lönd hafa sýnt fram á að á Íslandi þurfi að efla menntunarstig þjóðarinnar. Mímir hefur verið í fararbroddi við að efla grunnmenntun þeirra sem hafa skamma skólagöngu að baki. Það er ánægjulegt að fylgjast með því hvað Mímir hefur brugðist hratt við ástandinu og náð að aðlaga starfsemi sína að nýjum og krefjandi nemendahóp og sveigjanleiki símenntunarmiðstöðvanna hefur verið mikill á þessum tíma.

Íslensk þjóð hefur gengið í gegnum verulegar efnahagsþrengingar síðastliðin ár. Það er ómetan-

legt að hafa öflugan starfsmannahóp sem aðlagar sig að breyttu samfélagi með jafn skjótum og áhrifamiklum hætti og raun ber vitni hjá Mími-símenntun. Sveigjanleiki í framhaldsfræðslunni kemur sér vel þegar kemur að þjónustu við atvinnuleitendur. Fjöldi einstaklinga sem ekki hefur náð fótfestu í formlega skólakerfinu nýtur góðs af þessum sveigjanleika. Sérstök áhersla hefur verið lögð á ungt fólk í atvinnuleit.

Efling-stéttarfélag hefur átt í góðu samstarfi við starfsfólk Mímis um starfstengt nám og hafa margir félagsmenn Eflingar tekið fyrstu skrefin í starfstengdu námi hjá Mími. Námið hefur oft en ekki orðið hvatning til frekara náms. Þannig stuðla þessir aðilar, með samstilltu átaki, að því að efla menntun félagsmanna. Í samstarfi við Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins og Eflingu hefur Mímir þróað fjölda úrræða fyrir erlenda ríkisborgara í atvinnuleit.

Ríkisstjórn Íslands hefur sett sér það markmið að hækka menntunarstig þjóðarinnar þannig að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hefur hlotið formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020. Íslensk stjórnvöld hafa nú formlega samþykkt sérstaka sóknaráætlun til ársins 2020 þar sem þetta markmið er sett fram. Það verður svo sannarlega áskorun fyrir menntakerfið í landinu að ná þessum markmiðum.

Í framtíðinni er mikilvægt að styrkja fólk í atvinnulífnum og efla vinnustaðanám. Þar er bæði um að ræða að auka hæfni í starfstengdum greinum og undirstöðugreinum eins og íslensku og stærðfræði og efla þannig þátttöku fólks í lýðræðislegu samfélagi. Aukin þekking skilar sér til samfélagsins, vinnustaðarins og einstaklinganna – allir njóta góðs af því að byggja upp menntun í samfélaginu.

Sigurrós Kristinsdóttir

INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA



Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri


- **Síbreytilegt umhverfi**
- **Aðlögun að þörfum atvinnuleitenda**
- **Lok samstarfs um trúnaðarmannafræðslu**
- **Lög um framhaldsfræðslu**
- **Velgengi í rekstri**
- **Nýr vettvangur virkrar samfélags-umræðu**

Allt frá efnahagshruni í október 2008 og því mikla atvinnuleysi sem fylgdi í kjölfarið hefur framhaldsfræðslan hræst í síbreytilegu umhverfi. Verkefnið breytast ört og stöðugt þarf að bregðast við nýjum aðstæðum. Fjölmennasti nemendahópur okkar er fólk með stutta formlega skólagöngu. Á atvinnuleysistímum missa þessir einstaklingar vinnuna fyrst og eru síðastir til að fá hana aftur. Fæstir hafa haft áform um að setjast á skólabekk og þrá að hafa vinnu. Því er það mörgum erfitt að vera ýtt af stað aftur í nám hvort sem hugur þeirra stendur til þess eða ekki.


Sveigjanleiki er einn af helstu styrkleikum Mímis og hafa starfsmenn Mímis lagt sig fram sem aldrei fyrr um að sveigja skipulag náms að þörfum atvinnuleitenda í nánú samstarfi við Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins og stéttarfélag á höfuðborgarsvæðinu. Í þessu felst m.a. aðlögun náms að þörfum atvinnuleitenda bæði hvað varðar innihald og tímasetningar og þróun fjölmargra úrræða fyrir íslenska jafnt sem erlenda atvinnuleitendur.

Náms- og starfsráðgjöf hefur verið afar mikilvæg fyrir hópinn okkar og ljóst að ráðgjöf og stuðningur skipta oftast en ekki sköpum þegar kemur að námsvali og styrk til að takast á við nám að nýju.

Nemendastundir 2006–2010



Nemendur eftir kyni 2006–2010



Öflug frístundanámskeið

Tungumála- og frístundanámskeið eru mikilvægur hluti af starfi Mímis. Það hefur verið lærdómsríkt að sjá hvernig efnahagslíf þjóðarbúsins hefur áhrif á vinsældir námskeiða. Sjaldan hafa námskeið sem höfðu til sköpunar og listfengi verið fjölmennari og sama á við um tungumálanámskeið sem bæta möguleika á starfi á erlendri grund.


Trúnaðarmannafræðsla

Frá árinu 2003 hafa Mímir og Alþýðusamband Íslands, fyrir hönd Menningar- og fræðslusambands alþýðu, haft með sér þjónustusamning um trúnaðarmannafræðslu. Hefur kennslan átt sér stað um land allt. Í framhaldi af uppsögn samningsins á síðasta ári lauk samningsbundnu samstarfi aðila um námskeiðshald fyrir talsmenn og trúnaðarmenn um mitt ár 2010. Fyrir hönd Mímis vil ég þakka ánægjulegt samstarf.

Lög um framhaldsfræðslu

Fullorðinsfræðsla hefur nú verið römmuð inn með lögum um framhaldsfræðslu sem tóku gildi á árinu. Með tilkomu laganna stækkar sá hópur sem leitað getur til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva um land allt og jafnframt fjölgar fræðsluaðilum með aðgengi að samningum við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóð.

Skipting nemendastunda eftir flokkum 2010



Framhaldsfræðsla er viðfangsefni sem þarf að sinna með nærgætni og festu en gæðin þurfa alltaf að vera í fyrirrúmi. Til að tryggja nemendum okkar og samstarfsfólki sem besta þjónustu hefur verið lögð áhersla á gæðastarf og gerð gæðahandbókar. Liður í gæðastarfi er einnig að skrifa ferla bæði tengt fjársýslu og faglegu starfi Mímis.

Velgengni í rekstri

Mikil eftirspurn eftir námsúræðum ásamt aðhaldssamri fjármálastefnu hefur skilað sér í velgengni í rekstri Mímis árið 2010. Tekjuafgangur er meiri en áður hefur verið en allur hagnaður helst innan fyrirtækisins og nýtist annars vegar til að auka gæði og þróa nýjungar og hins vegar sem varasjóður þegar atvinnuástand breytist.

Samfélagsleg umræða

Þau nýmæli voru á árinu að boðið var upp á fundaröð með hlutlausri fræðslu um ESB samningaferlið þátttakendum að kostnaðarlausu. Fundirnir voru undirbúin í samstarfi við Utanríkisráðuneytið og voru þeir vel sóttir. Þátttakendur voru ánægðir með framtakið og töldu þá góðan upplýsingagrunn.

Þekking er grundvöllur lýðræðislegrar virkni og aukinnar samfélagslegrar meðvitundar. Mímir og aðrar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis eru góður vettvangur til virkrar samfélagsumræðu og líklegt að sá þáttur muni aukast í starfsemi.

Með gildi Mímis Gæði – Hvatning – Þróun að leiðarljósi hefur starfsfólk Mímis og verktakar lagt alúð í að sinna störfum sínum af fagmennsku, nemendum okkar til hagsbóta. Þakka ég þeim öllum fyrir þeirra mikilvæga framlag.

Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri

FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR



Sólborg Jónsdóttir, deildarstjóri

- **Ár atvinnuleitenda**
- **Erlendir atvinnuleitendur – ný námsúrræði**
- **Almenn íslenskunámskeið**
- **Frístundanámskeið í örum vexti**
- **Landnemaskólinn – Skref til frekara náms**
- **Frístundanámskeið – í örum vexti**
- **Aukin þjónusta við fatlaða**


Árið 2010 var sannarlega ár atvinnuleitenda hjá deild Fjölmenningar og frístunda og sóttu bæði innlendir og erlendir atvinnuleitendur nám af ýmsum toga. Mörg ný verkefni voru þróuð sem miðuðu að því að styrkja atvinnuleitendur á vinnumarkaði, bæta við þekkingu þeirra og efla persónulegan styrk. Það var gaman að virkja þennan hóp til athafna, í von um að eftir þessa reynslu leiti þátttakendur eftir frekara námi og verði öflugri við starfsleit.

Erlendir atvinnuleitendur – ný námsúrræði


Flestir atvinnuleitenda voru af erlendum uppruna. Í samvinnu við Vinnumálastofnun voru haldin níu námskeið fyrir þennan hóp og var langstærsti hlutinn Pólverjar. Yfirmarkmið allra námsleiðanna var íslenskukennsla með áherslu á atvinnuleit. Á námskeiðunum fengust nemendur þó ekki einvörðungu við íslenskunám heldur voru tölvunám, samfélagsfræðsla, vettvangsferðir og útivist í samstarfi við Hjálparveit Reykjavíkur hluti af náminu.

Önnur nýjung var verkefnið „Grunnnám á pólsku“ en námið var fyrir eldri pólska atvinnuleitendur. Markmiðið var að efla nemendur og styrkja grunnþekkingu þeirra í m.a. móðurmáli sínu og tölvum sem undirbúning fyrir frekara nám.

Nemendastundir 2006–2010



Aldursdreifing í íslensku, frístunda- námskeiðum og tungumálum



FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR



Jákvæðni og áhugi nemenda var ríkjandi á námskeiðunum en ungt fólk, fullt af starfsþreki og orku, á þó stundum erfitt með að sitja skyndilega á skólabekk og reyndi það á marga. Brottfall erlendra nemenda í átaksverkefnum var afar lítið og lögðu kennarar og verkefnastjórar sig í líma við að koma til móts við þarfir nemenda og að gera námið áhugavert og gagnlegt. Reynslan sýnir þó að þörf er á verklegu námi fyrir unga sem eldri atvinnuleitendur í bland við íslensku og aðra námsþætti.

Almenn íslenskunámskeið

Alls voru haldin 69 almenn íslenskunámskeið á stigum 1 til 5 auk sérstakra námskeiða í tal-

þjálfun og ritun. Fleiri sóttu námskeið á morgnana en áður og sérstakir hópar fyrir Víetnama, Taílandinga og rússneskumælandi nemendur voru vinsælir að vanda. Almennum íslenskunámskeiðum fækkaði árið 2010 samanborið við árið 2009 eða um 13%.

Landnemaskólinn – Skref til frekara náms

Í Landnemaskólanum fást nemendur við fjölbreytt verkefni sem reyna á frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinnu. Mikil áhersla er lögð á sjálfstyrkingu, íslenskukennslu og samfélagsfræðslu. Hápunktur hvers hóps er leikhúsfærð og útgáfa blaðs sem nemendur vinna að öllu leyti sjálfir.

FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR



Landnemaskólinn eflist á síðasta ári en þrír slíkir voru haldnir með 46 þátttakendum. Flestir þátttakenda voru atvinnuleitendur af erlendum uppruna sem hafa jafnvel búið á Íslandi árum saman og ávallt verið í vinnu þar til nú. Það er ánægjulegt að sjá að námið í Landnemaskólanum er oft fyrsta skrefið hjá útlendingum til frekara náms á Íslandi.

Fagnámskeið og Félagsliðabré – kraftur og þor

Það er gleðilegt að bæði fagnámskeið og félagsliðabré eru vel sótt af starfsfólki í heilbrigðisstétt. Það er til marks um góða aðlögun, kraft og þor erlends fólks á vinnumarkaði að svo margt af því komi í slíkt nám. Hlutfall nemenda af erlendum uppruna á fagnámskeiðum og félagsliðabré var 57% á síðasta ári.

Á árinu voru haldin sex fagnámskeið og fimm hópar stunduðu nám í félagsliðabré á hvorri önn fyrir sig. Alls útskrifuðust 30 manns sem félagsliðar. Oft eykst áhuginn og þörf fyrir nám samfara aukinni menntun og sést það vel á félagsliðum. Eftir tveggja ára nám er krafan um meiri menntun sterk og stundaði einn hópur þeirra framhaldsnám í fötlunarfræðum á árinu.

Frístundanámskeið – í örum vexti

Fjölbreytt frístundanámskeið eru mikilvægur hluti af starfi Mímis-símenntunar. Alls var haldið 141 frístundanámskeið á árinu á móti 100 námskeiðum árið 2009 og er það aukning um 40%.

Eins og undanfarin ár hafa norskunámskeið sérstöðu hvað varðar fjölda þátttakenda en 17

FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR



norskunámskeið voru haldin árið 2010 og er það aukning um 70% frá fyrra ári. Námskeið í handverki, saumum og myndlist voru vinsæl auk ýmissa lífsstílsnámskeiða.

Frístundanámskeiðin sækir fólk á öllum aldri, með mismunandi bakgrunn og væntingar til námsins. Námskeiðin sinna þörfum fólks fyrir skemmtun og tilbreytingu en eru oft varða á leið til frekara náms. Atvinnuleitendur leita einnig í frístundanámskeið, bæði til að undirbúa flutning til annarra landa eða virkja hæfileika sína á einhverju sviði.

Aukin þjónusta við fatlaða

Mímir hefur átt gott samstarf við Fjölmennt um árabíl og hafa enskunámskeið Mímis fyrir nemendur Fjölmenntar með geðröskun eða þroskaröskun notið vaxandi vinsælda. Þau hafa verið þróuð í samvinnu við Fjölmennt með það að markmiði að koma til móts við alla, sama hvar þeir standa í enskunáminu. Er óhætt að segja að áhugi og gleði nemenda sé mikil í hverjum einasta tíma. Á döfinni er að efla samstarf Mímis og Fjölmenntar enn frekar með fjölbreyttum námskeiðum sniðnum að þörfum nemendahópsins.

NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ



Anna Kristín Gunnarsdóttir, deildarstjóri

- **Persónuleg uppbygging**
- **Lykill að frekara námi**
- **Góð samvinna við Eflingu**
- **Verkjálfun unga fólksins**


Starfsfólk Mímis varð vitni að mörgum gleðilegum dæmum um hve vel nemendum tókst að nýta tímann til persónulegrar uppbyggingar, þrátt fyrir erfiðar aðstæður í samfélaginu og eru komnir á beina braut í námi eða starfi. Ekki fór heldur framhjá okkur að atvinnuleysi leggst þungt á þau sem fyrir því verða og mikilvægt að geta veitt þann stuðning og uppörvun sem til boða stendur hjá Mími.

Veigamestu verkefni ársins voru samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar og Mímis, Ungt fólk til athafna og ÞOR (þekking og reynsla). Húsakynni Mímis iðuðu af fólki á öllum aldri, sem ýmist var að afla sér þekkingar til þess að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði eða til þess að undirbúa sig fyrir frekara nám.


Uppbygging einstaklingsins

Fjöldmargir einstaklingar sem hug hafa á að ljúka námi taka upp þráðinn frá fyrri skólagöngu og treysta sjálfsmynd sína og þekkingu hjá Mími. Eftirsóttasta námskeiðið var sem fyrr Aftur í nám en það er ætlað fólki með læsisvanda. Þátttaka í námskeiðinu hefur oft lyft fargi af þeim sem kljást við lestrarörðugleika og reynst lykillinn að frekara námi.

Nemendastundir 2006–2010



Aldursdreifing í starfsmennta- og almennum námskeiðum



NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ



Menntastöðir er mjög krefjandi nám og gerir miklar kröfur til nemenda, kennara og verkefnastjóra. Þrjár Menntastöðir voru kenndar á árinu og lá leið allmargra nemenda þaðan beint í undirbúningsdeildir háskóla. Mikil spurn var eftir námskeiðinu Færni í ferðaþjónustu og hefur starfsgreinin nú aðgang að stórum hópi sem byggt hefur upp þekkingu á undirstöðuatriðum í greininni. Kennt var eftir námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Starfsemi hvar sem litið er

Góð samvinna hefur tekist með Eflingu stéttarfélagi um námskeið í húsakynnum Eflingar fyrir íslenska sem erlenda félagsmenn. Stéttarfélagið hefur séð um kynningu fyrir félagsmenn sína og skráningu þeirra.

Langflest námskeið sem fyrirhugað var að kenna komust á laggirnar, auk þess sem fjölmörg námskeið voru pöntuð og komið á með stuttum fyrirvara. Þannig reyndust húsakynni Mímis um tíma ekki rúma alla þá hópa sem voru í námi og voru allmargar kennslustofur leigðar af nágrennum okkar.

Starfsmenn deildarinnar tókust á við álag og breytingar af styrk og fagmennsku og sýndu mikla alúð í störfum sínum.

Verkþjálfun unga fólksins

Dæmi um nýjung árið 2010 var verkþjálfun nemenda í Færni í ferðaþjónustu. Tilfni þess er að námskráin var samin fyrir fólk sem starfar eða hefur starfað í greininni en unga fólkíð hefur sjaldnast starfsreynslu í ferðaþjónustu.

NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ



Verkþjálfunin þjónar þannig tvíþættum tilgangi: Að þjálfar til starfa og að mynda persónuleg tengsl nemenda við fyrirtæki í starfsgreininni. Samtök ferðþjónustunnar komu á sambandi við fyrirtæki innan sinna vébanda sem voru tilbúin til að taka nemendur í verkþjálfun og ber að þakka fyrir það.

Þróun og gæði

Stöðugt er leitast við að auka gæði starfsins hjá Mími og mæta þörfum nemenda sem best. Þannig var námsefni í Grunnmenntaskólanum og Námi og þjálfun í almennum bóklegum greinum yfirfarið á árinu, kennsluáætlanir voru endurskoðaðar og námsmat samræmt. Teknar voru saman almennar upplýsingar og leiðbeiningar sem nemendur fá afhentar við setningu námskeiðs. Einnig var samvinna deilda um gerð upplýsingabæklings fyrir verktaka og er hann kominn í dreifingu.

Eins og áður sagði er Aftur í nám mjög eftirsótt námskeið og er það vísbending um hve læsisvandi er algengur. Þrjár deildir hjá Mími unnu

saman að upplýsingabæklingsi um læsisvanda og prófkvíða og er hann afhentur öllum verktökum til þess að þeir séu vel meðvitaðir, geti komið auga á vandamálið meðal nemenda og upplýst þá um mögulega aðstoð. Einnig var hafin vinna að ritlingi um sama efni fyrir nemendur.

Talgervilsforrit hefur verið sett upp í tölvur Mímis, til notkunar fyrir nemendur, og sóttu verkefnastjórar í kjölfarið námskeið í notkun hans og munu leiðbeina verktökum og nemendum. Þannig er leitast við að koma til aðstoðar nemendum sem eiga við þennan vanda að etja.

Sett var saman námstilboð fyrir verðandi starfsfólk leikskóla og frístundaheimila, samkvæmt óskum Vinnumálastofnunar og í samstarfi við Leikskólasvið Reykjavíkurborgar og forstöðumann Frostaskjól. Ekki reyndist þó nægur áhugi á námskeiðinu til þess að hægt væri að kenna það.

Verk- og tæknibúðir

Á haustönn var, að frumkvæði stéttarféлага á höfuðborgarsvæðinu, hafist handa við undir-

NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ



búning verk- og tæknibúða. Þær byggjast á þeirri hugmyndafræði að nemendur fái tækifæri til að prófa sig áfram við áhugaverð viðfangsefni og að í kjölfarið fái þeir kennslu í því sem fyrir valinu verður. Á vinnumarkaði er viðvarandi skortur á verk- og tæknimenntuðu fólki, auk þess sem mikilvægt er að nemendum bjóðist sem fjölbreyttust tækifæri til þess að byggja sig upp og styrkja stöðu sína í lífinu.

Vinna við undirbúning verkefnisins heldur áfram, í góðri samvinnu við stofnanir, fyrirtæki og framhaldsskóla en starfsmenn þeirra hafa m.a. komið að mótun námsins enda er annað höfuðmarkmið þess að búa til farveg inn í formlega skólakerfið. Hitt markmiðið er að greiða götu nemenda beint inn á vinnumarkað. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur samið námskrá sem fellur að þessu nýja verkefni og er hún til umsagnar í menntamálaráðuneytinu.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF



Sigríður Dís Gunnarsdóttir, deildarstjóri

- **Ráðgjöf við atvinnuleitendur í forgangi**
- **Vaxandi eftirspurn eftir ráðgjöf**
- **Aukinn stuðningur við nemendur**
- **Nýjar leiðir í raunfærnimati**
- **Mikilvægt að hlusta**


Í kjölfar mikilla breytinga á vinnumarkaði reynir á samstillingu aðila sem hafa það hlutverk að hlúa að þeim sem hafa hvað veikasta stöðu. Hjá Mími voru atvinnuleitendur í forgangi þetta árið og voru þeir tæplega 70% ráðþega. Samstarf við Vinnumálastofnun hefur gengið vel og tækifæri gefist til að nálgast einstaklinga sem oft hefur verið erfitt að ná til á vinnustöðum. Má þar til dæmis nefna karlmenn, sem árið 2006 voru aðeins um fjórðungur ráðþega, en árið 2010 nálægt helmingi.

Vaxandi eftirspurn eftir ráðgjöf


Fjöldi viðtala hefur vaxið ár frá ári og aldrei verið meiri en árið 2010. Fólk leitaði ýmist ráðgjafar að eigin frumkvæði eða var boðað í viðtal í umboði Vinnumálastofnunar en þar er skyldumæting. Það var ný áskorun fyrir ráðgjafa Mímis og það vakti einnig blendnar tilfinningar að skylda fólk í ráðgjöf. Segja má að sú trú að virkni sé það besta fyrir atvinnuleitandann, og þau jákvæðu viðbrögð sem einstaklingar sýna þegar þeir átta sig á ýmsum möguleikum, hafi gert verkefnið auðvelt og sannfært ráðgjafa um mikilvægi þess.

Nokkur aukning varð í hópráðgjöf sem reyndist vel m.a. til að vinna að gerð færnimöppu og ferilskrár. Hópráðgjöfin veitir þátttakendum tækifæri

Fjöldi viðtala 2006–2010



Ráðþegar eftir aldri 2010



NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

til að deila reynslu og líðan í starfsleitinni á jafningjagrunni.

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum var töluvert minni en áður og mest í tengslum við raunfærnimatsverkefni. Náms- og starfsráðgjafar buðu reglulega upp á viðtöl hjá stéttarfélagunum Eflingu og VR og í Rauðakrosshúsinu og var sú þjónusta mest nýtt af atvinnuleitendum.

Aukinn stuðningur við nemendur í námi hjá Mími

Stuðningur náms- og starfsráðgjafa við nemendur sem stunda nám í vottuðum námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins jókst á árinu en þeir voru flestir atvinnuleitendur.

Læsi er einn af grunnþáttum þess að geta staðist þær kröfur og breytingar sem nútímasamfélag gerir og samkvæmt nýlegum rannsóknnum í Noregi er vandi við lestur og ritun, á eftir aldri og heilsu, talinn þriðja algengasta ástæða þess að fólk dettur út af vinnumarkaði.

Margir þeirra sem sækja ráðgjöf til Mímis glíma við erfiðar tilfinningar bæði gagnvart námi og í einkalífi. Læsisvandi, vandi í stærðfræði og prófkvíði er algengur. Sláandi dæmi um slíkt er þegar rólegur fjölskyldufaðir um fertugt með læsisvanda hvíslar að hann langi enn að kveikja í grunnskólanum sem hann var í vegna upplifunar á skilningsleysi kennara og annarra nemenda á vanda hans.

Það er til mikils að vinna að styðja þennan hóp við að styrkja grunnfærni sem eykur líkur á að fólk haldi starfi sínu og á árinu hófst vinna við að gera ráðgjöf og annan stuðning markvissari. Verður þeirri vinnu haldið áfram á komandi ári.

Nýjar leiðir í raunfærnimati

Náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í margskonar verkefnum og þróunarvinnu tengdum raunfærni-

mati. Í fyrsta sinn var boðið upp á raunfærnimat fyrir fólk með reynslu úr verslun og þjónustu á móti viðmiðum námskrár Verslunarfagnáms sem er ein af námskrám FA. Þátttakendur voru bæði fólk í starfi og atvinnuleitendur með a.m.k. 5 ára starfsreynslu og 25 ára lífaldur. Niðurstöður sýndu að þátttakendur bjuggu yfir mikilli færni en lítil hefð er fyrir formlegri menntun starfsfólks í verslun hér á landi.

Tveir hópar luku raunfærnimati fyrir starfsfólk fjármálafyrirtækja en alls hafa átta hópar lokið verkefninu hjá Mími. Ekki hefur farið fram formleg rannsókn á gildi verkefnisins fyrir þátttakendur en margir hafa lýst ánægju sinni með þá hvatningu og stuðning sem veitt eru í ferlinu og talað um hvernig sjálfstraust þeirra hafi aukist.

Mikilvægt að hlusta

Í allri þjónustu þarf að huga að gæðum og nauðsynlegt er að skoða hvað ráðgjöfin gerir fyrir einstaklinga. Nýleg norræn matsrannsókn, unnin af sérfræðingateymi á vegum NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna), sýnir að þeir sem hafa komið í ráðgjöf í gegnum verkefnið náms- og starfsráðgjöf á vinnustað voru ánægðir með þjónustuna og töldu að stuðningur og hvatning ráðgjafa hafi verið ein ástæða þess að markmið þeirra í námi náðust. Ánægjulegt er að skoða slíka niðurstöðu.

Hjá Mími starfar öflugur hópur náms- og starfsráðgjafa sem á komandi starfsári hlakkar til að takast á við ný verkefni og áskoranir í ráðgjöf og raunfærnimati. Allt bendir til að atvinnuleitendur verði áfram stór hluti ráðþega og þar þarf að huga vel að þeim sem hafa veikasta stöðu m.a. útlendingum og eldra fólki. Samhliða ráðgjöf við atvinnuleitendur verður stefnt að því að efla ráðgjöf úti á vinnustöðum á ný og finna leiðir til að nálgast þann hóp sem þarf mest á styrkingu á grunnfærni að halda.

ÞRÓUNARVERKEFNI

Mímír-símenntun er virkur þátttakandi í þróunarverkefnum á sviði fullorðinsfræðslu. Flest verkefni eru samstarfsverkefni styrkt af þróunar- og starfsmenntasjóðum.

Eftirfarandi verkefnum var unnið að á árinu:

Yrkja

Á haustönn 2010 var í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag, haldið 200 kennslustunda námskeið fyrir 16 pólskar konur. Námsþættir voru m.a. sjálfstyrking, íslenska, samfélagsfræðsla, tölvur, fjármál, myndlist, enska og líkamsrækt. Að auki fóru þátttakendurnir í einstaklingsviðtöl við náms- og starfsráðgjafa og í heilsdagsferð um Reykjanes. Námskeiðið var styrkt af verkefninu „Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun“.

Framhaldsnám félagsliða um fötlun

Á árinu var þróað og haldið 56 kennslustunda framhaldsnám fyrir félagsliða. Í náminu fengu nemendur aukið innsæi í þarfir og aðstæður einstaklinga með fötlun auk fræðilegrar nálgunar á hugmyndafræði um fötlun. Verkefnið var styrkt af Eflingu-stéttarfélagi.

Kjölur

Námskeiðið Kjölur var þróað og haldið á vorönn 2010. Námskeiðið var 100 stundir og ætlað atvinnuleitendum af erlendum uppruna sem höfðu áhuga á að starfa í heilbrigðis- og félagsþjónustu eða á leikskólum. Á námskeiðinu var faggreinum, eins og skyndihjálp, næringarfræði og líkamsbeitingu fléttað við starfstengda íslensku. Að auki fóru þátttakendur í heimsóknir á leikskóla og hjúkrunarheimili. Verkefnið var styrkt af Starfsmenntaráði.

„Víst getur þú lært stærðfræði“

Markmið námskeiðsins var að þróa leiðir til að brjóta niður hindranir í stærðfræðinámi fullorðins fólks með stutta skólagöngu. Fjöldi nemenda telur sig ekki geta lært stærðfræði en í mörgum tilvikum er um að ræða fólk sem, þrátt fyrir að hafa reiknað sér til gagns í daglegu lífi, á erfitt með stærðfræð-

ina þegar í skólann er komið. Verkefnið var styrkt af Starfsmenntaráði.

Karlkraftur 50+

Markmiðið með Karlkrafti 50+ er að halda námskeið fyrir karlmenn, 50 ára og eldri sem eru í atvinnuleit, efla virkni þeirra, bæta málakunnáttu og vekja áhuga þeirra á námi. Verkefnið er styrkt af Starfsmenntaráði.

Lestrarþjálfun fyrir innflytjendur

Markmiðið með verkefninu er að halda lestrar-námskeið og þróa leiðir í lestrarþjálfun fyrir fólk af erlendum uppruna sem hefur ekki lært latneskt letur auk þess að efla sjálfstraust og persónulega færni nemenda. Verkefnið er styrkt af Starfsmenntaráði.

Verkþjálfunarefni

Starfsmenn Mímis og Iðunnar fræðsluseturs unnu saman að verkþjálfunarbók nemenda og tilsögn fyrir leiðbeinendur á vinnustað. Byggt var á GEMS, verðlaunaverkefni fyrir ferðaþjónustu sem stýrt var af Iðunni fræðslusetri og unnið með styrk frá Leonardo da Vinci áætlun ESB. Verkefnið er styrkt af Starfsmenntaráði.

Gæðaviðurkenning fyrir besta verkefnið

Mímír-símenntun hlaut gæðaviðurkenningu fyrir besta verkefnið í flokki fyrirmyndarverkefna Leonardo starfsmenntaáætlunar ESB. Viðurkenninguna fékk Mímír fyrir mannaskiptaverkefnið Tungumálakennsla fyrir innflytjendur en það fólst í því að hópur kennara frá Mími fór til Ghent og upplifði á eigin skinni hvernig er að læra nýtt tungumál án nokkurs hjálparmáls. Einnig kynntu þeir sér móttöku og kennslu innflytjenda í flæmska hluta Belgíu. Í umsögn um verkefnið segir m.a.: „Verkefnið fær viðurkenningu fyrir frumleika, stjórnun, árangur og ávinning.“ Fallegur verðlaunagripur frá Koggu og Magnúsi Kjartanssyni hlotnaðist Mími til eignar.

GÆÐAMÁL



Adalheiður Sigurjónsdóttir, umsjón gæðastarfs

Áhersla á gæði og fagleg vinnubrögð hefur ávallt verið í fyrirrúmi í starfsemi Mímis-símenntunar. Á árinu hófst vinna við að festa gæðastefnu og gæðaferla fyrirtækisins á blað og útbúa gæðahandbók fyrir starfsemina.

Sem dæmi um gæðaferla sem unnir voru á árinu eru ferlar um þjónustu við nemendur með læsisvanda og handbók fyrir kennara hjá Mími-símenntun.

Tilgangurinn með þessari vinnu er að tryggja enn frekar gæði allrar starfseminnar, fyrir nemendur, kennara og samstarfsaðila Mímis. Í lögum um framhaldsfræðslu sem tóku gildi 1. október 2010 er gert ráð fyrir að starfsemi fullorðinsfræðsluadila verði vottuð. Gæðaátaksverkefnið er liður í því ferli Mímis-símenntunar að fá vottun sem fullorðinsfræðsluadili.

Ákveðið var að notast við „evrópska gæðamerkið EQM“ (*European Quality Mark*), sjálfsmatslista sem inniheldur viðmið um gæði í fullorðinsfræðslu.

Ástæður þess að EQM varð fyrir valinu eru þessar: Það fellur vel að starfsemi Mímis-símenntunar, er hannað sérstaklega fyrir starfsemi fullorðinsfræðslu og það fellur vel að gæðaviðmiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Starfið hófst formlega þann 8. október 2010 með vinnudegi í Kríunesi við Elliðavatn þar sem fram komu nokkrir fyrirlesarar sem fjölluðu um gæði og gæðastarf.

ERLENT SAMSTARF

Á árinu tók Mímir þátt í Nordplus verkefni er nefnist *New Approaches in Immigrant Language Learning*. Þetta er samstarfsverkefni fjögurra landa þar sem áhersla er lögð á að deila góðri reynslu og hagnýtum aðferðum í tungumálakennslu innflytjenda.

Fulltrúi frá Mími-símenntun sótti norræna ráðstefnu í Danmörku um ólæsi og aðlögun meðal innflytjenda á Norðurlöndum. Ráðstefnan var samstarfsverkefni Nordisk alfaráð og ráðuneytis um flóttamenn, útlendinga og aðlögun í Danmörku.

ABF i Norden

Framkvæmdastjóri situr í stjórn Norræna systursamtaka, ABF Norden, en markmið þeirra er m.a. að styrkja og þróa samfélags- og menningarleg gildi og að efla alþýðufræðslu sem byggir á samstöðu og sameiginlegri ábyrgð til þátttöku í samfélaginu.

Unnið hefur verið að því að efla samstarfið aftur eftir að styrkir Norrænu ráðherranefndarinnar féllu niður árið 2004 sem veikti stöðu samstarfsins. Jafnframt er aukið áhersla hjá nokkrum aðildarlandanna að efla tengslin við evrópsk systursamtök.

REKSTRARDEILD




Ingunn Guðmundsdóttir, deildarstjóri

- **Aukning í veltu**
- **Fjölgun stöðugilda**
- **Yfir 200 manns í kennslu**
- **Innleiðing nemendabókhaldskerfis**

Rekstrardeild Mímis-símenntunar starfar þvert á aðrar deildir fyrirtækisins og er þeim til stuðnings. Starfsmenn deildarinnar eru sjö talsins og annast bókhald og fjármál, tækjamál, húsnæði, eldhús, markaðsmál og nemendabókhald.

Velta 2006–2010



Aukning í veltu

Velta Mímis óx á milli árána 2009 til 2010 um 24%, sem skýrist af aukinni þjónustu við atvinnuleitendur, en árið 2009 hafði hún dregist saman frá árinu áður um 10% sem túlka má sem bakslag í kjölfar efnahagshrunsins. Á árinu 2010 hafa stjórnvöld hinsvegar lagt aukna áherslu á að veita atvinnuleitendum tækifæri til náms.

Stofnskrá Mími-símenntunar kveður á um að ekki sé heimilt að greiða eigendum arð heldur nýta hann til að: „efla starfsemi félagsins að mennta- og fræðslumálum fullorðins fólks á íslenskum vinnu-markaði.“ Arður af rekstri felur í sér kærkomið tækifæri til að vinna að þessu markmiði.

Stöðugildum fjölgar

Fyrirtæki í vexti er skemmtilegur vinnustaður. Frá stofnun árið 2003 hefur Mímir-símenntun aukið stöðugildi sín úr átta í tuttugu og fjögur. Hópurinn er fjölbreyttur á aldrinum 26 til 65 ára, karlar og konur af fjórum þjóðernum. Ör vöxtur og hröð þróun ýmissa þátta starfseminnar hefur í för með sér að starfsmenn þurfa sífellt að vera reiðubúnir að tileinka sér nýjungar.

Yfir 200 manns í kennslu

Um 200 manns komu að kennslu hjá Mími á árinu 2010, ýmist sem verktakar eða með tíma-bundnum ráðningum. Með þessu fyrirkomulagi getur Mímir boðið uppá fjölbreytta sérfræðiþekkingu á hverju fagsviði en flestir kennararnir hafa aðalstarf annars staðar en hjá Mími.

Nemendabókhaldskerfi innleitt

Skipulagning og utanumhald námshópa fer nú fram í sérstöku nemendabókhaldskerfi þar sem búnar eru til stundatöflur, haldið utanum stofuskráningar og kennslu, viðveruskráningu nemenda, einkunnir og viðurkenningarskjöl. Í kerfinu er einnig svæði fyrir nemendur og kennara til samskipta. Mikil vinna liggur að baki innleiðingar á kerfi eins og þessu, en þegar allt er farið að virka rétt verður varðveisla gagna tryggari, aðgengi að upplýsingum auðveldara og gæði í utanumhaldi aukast.

Áfram verður haldið við að þróa og bæta verklag hjá Mími til að tryggja nemendum sem besta þjónustu.

REKSTRARDEILD

Rekstrarreikningur 2010

	2010	2009
Rekstrartekjur		
Námskeiðahald	357.576.997	275.162.017
Aðrar tekjur	24.153.819	21.883.535
	<u>381.730.816</u>	<u>297.045.552</u>
Rekstrargjöld		
Kostnaður við námskeiðahald	145.920.731	109.349.054
Laun og tengd gjöld	135.832.238	123.288.218
Annar rekstrarkostnaður	60.582.417	53.648.274
Afskriftir	3.122.221	2.510.507
	<u>345.457.607</u>	<u>288.796.053</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	36.273.209	8.249.499
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur, verðbætur og arður	4.276.083	4.730.924
Vextir, verðbætur og gengismunur	-48.380	-5.415
	<u>4.227.703</u>	<u>4.725.509</u>
Hagnaður ársins	<u>40.500.912</u>	<u>12.975.008</u>

Efnahagsreikningur

	2010	2009
Eignir		
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld og tæki	12.488.889	10.042.025
Fastafjármunir	<u>12.488.889</u>	<u>10.042.025</u>
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	12.489.549	3.734.938
Aðrar kröfur	948.767	676.912
Handbært fé:		
Sjóður og bankainnistæður	99.747.182	63.540.824
Veltufjármunir	<u>113.185.498</u>	<u>67.952.674</u>
Eignir alls	<u>125.674.387</u>	<u>77.994.699</u>

REKSTRARDEILD

Skuldir og eigið fé

	2010	2009
Eigið fé		
Hlutafé	16.034.301	16.034.301
Óráðstafað eigið fé	69.928.593	29.427.681
Eigið fé	<u>85.962.894</u>	<u>45.461.982</u>
Skammtímaskuldir		
Ýmsar skammtímaskuldir	39.711.493	32.532.717
Skuldir alls	<u>39.711.493</u>	<u>32.532.717</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>125.674.387</u>	<u>77.994.699</u>

Sjóðsstreymi ársins 2010

	2010	2009
Handbært fé frá rekstri		
Frá rekstri:		
Hagnaður af reglulegri starfsemi	40.500.912	12.975.008
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	3.122.221	2.510.507
	<u>43.623.133</u>	<u>15.485.515</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur; lækkun/ -hækkun	-9.026.466	14.703.665
Skammtímaskuldir; hækkun/ -lækkun	7.178.776	8.957.975
	<u>-1.847.690</u>	<u>23.661.640</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>41.775.443</u>	<u>39.147.155</u>

Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	-5.569.085	-4.787.465
Fjárfestingarhreyfingar	<u>-5.569.085</u>	<u>-4.787.465</u>
Hækkun/ -lækkun á handbæru fé	36.206.358	34.359.690
Handbært fé í ársbyrjun	63.540.824	29.181.134
Handbært fé í árslok	<u>99.747.182</u>	<u>63.540.824</u>



